


## Hrakningasaga Kristins Jónssonar.

tekin saman af Þorsteini Hjaltasyni byggt á frásögn Pálma Hannessonar, rektors.



- 1. dagur: Þriðjudagurinn 27. september árið 1898.**
- 2. dagur: Miðvikudagurinn 28. september árið 1898.**

Árla morguns þann 27. september árið 1898 riðu þrír menn upp með Eyjafjarðará á leið í aðrar göngur. Einn þeirra hét Kristinn Jónsson og var þegar þetta gerðist 22 ára vinnumaður á Tjörnum, fremsta bænum í dalnum austan Eyjafjarðará.




*Bærinn Tjarnir í Eyjafirði.*

Tjarnir eru til móts við Hólsgerði, sbr. kort hér að neðan:



Þeir félagar riðu fremst í dalinn, skildu hesta sína þar eftir og réðust til uppgöngu úr dalbotninum austanverðum, ekki ólíklegt að það hafi verið á svipuðum stað og vegurinn liggur núna. Áttu þeir að leita sveiginn innan við daldragið og koma niður að vestan. Þetta átti að vera stutt för og höfðu þeir því ekkert nesti með sér og ekki mikil hlífðarföt því veður var gott.



Skipta þeir nú liði í leitirnar og heldur hver sína leið. Eftir nokkra stund fellur á niðrímmpoka svo ekki sá nema nokkra metra frá sér. Kennileyti eru þarna ekki mörg eins og við þekkjum, hver melaldan annarri lík, svo illt er að átta sig. Kristni leist illa á að villast inn á öræfin svo hann snéri við og hugðist fara niður í dalinn aftur.

Á þessum tíma voru öræfin ekki fjölfarin. Þjóðinni stóð með réttu ógn af þessum guðlausu sléttum og eyðimörkum þar sem römm náttúruöflin réðu lögum og lofum, harðbýl og fjandsamleg við flest, sem anda dregur. Enn í dag, þrátt fyrir okkar tækni, GPS og fjarskipti, hátækni hlífðarfatnað, vegi og farartæki, hjálparsveitir og þyrlur, verða öræfin okkur að fjörtjóni.

Kristinn gengur nú mjög lengi. Hann ákveður að leita sér að á til að fylgja til byggða. Hann gekk fyrst mjög langt í vestur og átti ekki eftir nema um eina eða tvær sandöldur til að komast að kvíslum Austari Jökulsár í Skagafirði. Þá fær hann sér sæti á stórum steini og þegar hann stendur upp aftur þá gengur hann til baka í langan sveig til suðausturs.

Þegar þið skoðið kortin hér að neðan finnið þá “Geldingsdrög” ö-ið ber í vatn, hafið auga með þessu vatni því það er á nokkrum kortum hér að neðan og gott að átta sig á þeim út frá þessu ágæta en að því er virðist nafnlausu vatni.



Kristinn gengur mjög langt suður og austur eftir og kemst mjög í nánd við drög Bleiksmýrardals. Lánleysi Kristins í árleitinni er algert því hann breytir þá um stefnu og í þokunni og gengur í vestur og suður.






Kristinn gekk öræfin norðan Geldingsárinnar, þar sem heitir Laugafellsöræfi, þver og endilöng eins og sjá má á þessum kortum.



Á þessu korti sést afstaðan til Laugafells en skáli var þar byggður 1948 eða réttum 50 árum eftir að Kristinn var á ferðinni.




Hann gengur þar til hann finnur sér loksins á til að fylgja. Þetta var lítil og lygn á og gerði hann ráð fyrir að hún myndi falla til Skagafjarðar í Austari Jökulsána. Svo óheppilega vildi til að þessi sakleysislega á var Bergvatnsvísl Þjósár. Lánleysi Kristins var mikið því eins og sést á kortunum er mjög stutt frá þessum nyrstu upptökum Þjósár til Fnjóskár og Geldingsárinnar sem rennur til Austari-Jökulsár.



Þjórsá er lengsta á landsins, 230 km frá upptökum Bergvatnsvíslar til ósa, en 210 km ef talið er frá Háöldukvísl, nyrstu jökulkvíslinni sem í hana fellur frá Hofsjökli. Þjórsárnaflnið fær hún fyrst eftir að Háöldukvísl og Fjórðungakvísl frá Tungnafellsjökli mætast. Jafnvel þó Þjórsá væri einungis mæld frá því hún heitir Þjórsá, þá hefur hún engu að síður Jökulsána á Fjöllum undir í lengdarkeppni, því Jökulsáin er “einungis” 206 km að lengd en það gerir hana að næstlengsta fljóti Íslands. Vatnasvið Jökulsárinnar er þó meira eða 7.950 km<sup>2</sup> en vatnasvið Þjórsár er 7.530 km<sup>2</sup> (þessi fljót þekkja um 15% af heildarflatarmáli landsins).

Kristinn gekk allan daginn og hljóp oft við fót. Þegar kvölda tók lét hann ekki staðarnumið heldur hélt hann áfram alla nóttina. Hann vissi sem var að allra veðra var von á þessum árstíma og hann þyrfti að ná til byggða skjótt ef hann ætti að lifa af þessa helför. Snemma næsta morgun kom hann að kvísl sem féll í Bergvatnsvíslina sem hann fylgdi. Þetta hefur verið Háöldukvísl, sem kemur úr Hofsjökli.



Kristinn óð kvíslina og var hún ekki djúp. Eftir þetta urðu á vegi hans margar smákvíslar, svonefndar Þjórsárkvíslar sem falla úr Hofsjökli.

Það varð Kristni til láns að hann ákvað að fylgja Bergvatnkvíslinni og vaða allar þessar kvíslar. Ef hann hefði farið yfir Bergvatnkvíslina þá hefði hann endað niður á Sultartanga, á milli Þjórsár og Tungnaá, og sjálfsagt dáið þar.


Enn var þokan dimm og Kristinn sá lítið framundan sér en heldur þótti honum leiðin löng til byggða. Nú hafði hann verið á göngu tvo daga og nóttina líka á milli þeirra. Nú fór að dimma aftur og Kristinn bjó um sig við stóran stein og lagðist til svefns. Nóttin var köld og gekk á með rigningarsudda.

### **3. dagur: Fimmtudagurinn 29. september 1898:**

Hann vaknaði fyrir dögum og hélt ferðinni áfram, var það þriðji dagur göngunnar miklu. Þegar birti létti þokunni og gerði síðan heiðskírt veður með glaðasólskini. Sér til mikillar skelfingar sá Kristinn þá að hann var hvergi í námunda við byggðir, heldur uppi á regin-öræfum. Á hægri hönd sá hann gríðarlegan jökul og á vinstri hönd lágu eyðisandar. Kristinn hafði ekki hugmynd um hvar hann var staddur. Hann áttaði sig þó á því að hann gekk í suðurátt. Hann ákvað að halda áfram og fylgja ánni, hún hlaut að renna til byggða. Honum var hins vegar ekki ljóst að áin sem hann hafði að leiðarvísi var lengsta fljót landsins og leiðin til byggða því gríðarlega löng.

Kristinn var staddur austan Hofsjökuls með Sprengisand á vinstri hönd.





Kristinn hélt áfram allan þennan dag suður með Þjórsá. Um kvöldið komst hann að suðurhorni Hofsjökuls, líklega á aurana austur frá Arnarfelli. Hann var svo þreyttur að hann lagði sig fyrir á auðum sandi, þar sem ekkert afdrepp var. Var hann þar nokkrar klukkustundir og svaf öðru hverju en kalt var um nóttina. Við skulum ekki gleyma því að Kristinn var ekki í öðru en venjulegum ígangsfötum þess tíma, til hlífðar hafði hann utan venjulegra fata, húfu, vettlinga, ekkert um hálsinn, tvenna sokka og á fótum hafði hann leðurskó.


Um þessa þriðju nótt Kristins í öræfunum hvarf hundur einn sem hann hafði haft með sér. Síðar var Kristinn borinn þeim sökum að hafa étið rakkann. Það þótti afar slæmt á Íslandi um aldamótin 1900 að borða smalahunda, jafnvel þó það væri til að bjarga sínu eigin skinni. Olli þessi kvittur Kristni töluverðum vandræðum síðar á lífsleiðinni. Kristinn hefur vafalaust ekki étið rakkann en hann hefði betur gert það því nú dró mjög hratt af honum vegna matarleysis.

#### 4. dagur: Föstudagur 30. sept. 1898:

Kristinn lagði af stað fyrir dögum. Veður var gott í fyrstu en er á daginn leið varð krapahríð og kuldi, sem sé versta veður. Kristinn hefur verið meira og minna gegnblautur. Þá kemur hann fram á stórt graslendi, Arnarfellsver og glæddust þá vonir hans en kólnuðu strax er hann sá að graslendið náði skammt suður og við tóku sandar, Fjórðungssandur.



Tvisvar þennan dag varð Kristinn að vaða jökulkvíslar upp undir hendur, Miklukvísl sem rennur í Þjórsá ofan við Oddkelsöldu og Blautukvísl sem rennur í Þjórsá norðan við Sóleyjarhöfða (sem er hinum megin árinna reyndar).



Um kvöldið kom hann að bergvatnsá sem féll í Þjórsá, það mun hafa verið Kisa. Settist hann þar undir barð eitt en gat lítið sofið fyrir kulda og vösbúð.




### **5. dagur: Laugardagur 1. október 1898:**

Næsta morgun óð Kristinn yfir Kisu og hélt för sinni áfram suður eftir. Þennan dag var norðankuldi með hríðar-hraglanda. Um kvöldið birti upp með heiðríkju og hörkufrosti. Kristinn fann leitarmannakofa í Fitjaskógi og hélt þar fyrir um nóttina. Kristinn gat ekki sofið fyrir kulda og fann að fætur hans dofnuðu og urðu ískaldir en hendurnar bláar og þrútnar af frostbólgu.

### **6. dagur: Sunnudagur 2. október 1898:**


Heiðskírt var, sólskin og frost. Kristinn fann að kraftar hans voru algerlega á þrotum. Fæturnir skemmdir af kali og útsteypur í sárum og vætlandi blöðrum eftir sand, sem hafði farið ofan í skó og sokka. Annar skórinn var kominn í sundur og reyndi hann að brjóta niður sokkana til að hlífa fætinum. Kristinn rölti af stað og varð að vaða allmikla á fyrir sunnan kofann. Það hefur verið Innri Skúmstungnuá og hann hefur svo orðið að vaða Fremri-Skúmstungnuá skömmu síðar. Annars eru í Skúmstungunum töluvert af smálækjum. Þessar ár eru ekki stórar en hafa verið Kristni erfiðar því hann var að verða magnþrota. Þetta landslag er orðið svolítið breytt frá því sem er nú. Á tímum Kristins féll Tungnaá í Ármótafossi út í Þjórsána en eftir 1983 var Sultartangastífla reist ofan við ármót Þjórsár og Tungnaár, um 6 km löng stífla sem myndar um 19 km<sup>2</sup> Sultartangalón.



Þessi kort eru hvorug frá því fyrir Sultartangalón en engu að síður sjást breytingar frá 1989 til 1999 á landslaginu. Ennfremur hefur farvegi Þjórsár verið breytt neðan við Sultartanga til að koma í veg fyrir flóð í henni en fyrr á tímum kom það fyrir að Búrfell varð eyja vegna flóða í Þjórsá en þá flæddi áin alveg yfir í Rauðá í Þjórsárdal.

Kristinn sá nú orðið mikið fjall framundan sér snævi þakið á tindinn, hann þekkti það ekki en þetta var Hekla. Hann varð nú að hvíla sig oft og lengi í senn, þannig að ferðin sóttist seint.


Um kvöldið settist hann niður á sléttum sandi, sem sennilega hefur verið upp frá Búrfelli og heitir það Haf. Hann var sjúkur og örmagna og næturkuldinn nísti hann inn að beini.



### 7. dagur: Mánudagur 3. október 1898:

Næsta dag var veður stillt og sémilega hlýtt. Kristinn var svo aðframkominn að hann gat vart gengið. Hann staulaðist áfram stuttan spöl í hvert sinn og settist svo niður til að hvíla sig. Um kvöldið komst Kristinn í skógarkjarr, sem liggur suðvestan í Búrfelli, Búrfellsskóg. Kristinn var algerlega búinn með alla krafta og lagðist þar fyrir í skóginum sannfærður um að þetta væri hans síðasta.





### 8. dagur: Þriðjudagur 4. okt. 1898:

Næsta morgun vaknaði Kristinn snemma. Hann reyndi að staulast áfram en gat ekki orðið staðið uppréttur og studdi sig við trén en síðan leið yfir hann. Hann rankaði við sér á nýju og komst á fætur. Þá sá hann hesta og rétt hjá þeim hnakka. Hann reyndi að mjaka sér í áttina að hestunum en hann gat ekki hreyft sig. Hann litaðist um eftir mönnum en þó undarlegt megi virðast kom honum ekki til hugar að kalla. Hugðist hann nú bíða og gefa gætur að hestunum. En í sama bili sá hann mann skammt frá sér milli runna í skóginum. Hér var kominn Eiríkur Ólafsson, bóndi í Minni-Mástungum í Gnúpverjahreppi. Þennan morgun hafði Eiríkur farið upp í Búrfell til að sækja skóg til eldsneytis eins og títt var í þá daga. Eiríkur spurði Kristinn að nafni og hvaðan hann væri. Þegar hann heyrði, að hann væri norðan úr Eyjafirði og hefði villst þaðan, faðmaði hann Kristinn að sér og kvað hann kominn suður í Árnessýslu.

Kristinn hafði verið á ferð síðan snemma morguns 27. september og komst til manna um kl. 16:00 þriðjudaginn 4. okt. 1898, það eru 8 dagar og 7 nætur á öræfum. Þá hafði hann gengið um 200 km og sjálfsagt meira því vafalaust hafa orðið æði margir krókarnir á leið hans. Villuferill Kristins er rakinn hér á

kortunum að framan og er átakanlegt að sjá hve áfangarnir stytast dag frá degi. Áberandi er hve dagleiðirnar stytast eftir nóttina í Fitjaskógi en þá kól hann á fótum.

Eiríkur var fluttur að Ásólfstöðum og þar var hann í þrjár vikur. Síðan var hann fluttur til Reykjavíkur og lagður á spítala og allar tær teknar af honum á báðum fótum. Þessi tíðindi af hrakningum Kristins spurðust víða og þóttu afar merkileg. Dáðust menn að þrautseigju Kristins. Margt var um þetta ritað í blöðum og sumt ekki sem réttast eins og tíðkast vill stundum í dagblöðum. Reykvíkingar, Hreppamenn og aðrir Sunnlendingar reyndust Kristni afar vel, t.d. gengust Reykvíkingar fyrir samskotum handa Kristni. Eftir nokkra vikna legu komst Kristinn á fætur. Örkumlaður var hann upp frá þessu en bar mein sín með karlmennsku og gat séð fyrir sér og sínum og var vel látinn af öllum til dauðadags en Kristinn varð sótt dauður um 30 árum síðar.

Ég legg til að farin verði leið Kristins næsta sumars honum til heiðurs.

**Heimildir:**

1. Göngur og réttir II, Bókaútgáfan Norðri, Akureyri 1949 (Villa á öræfum, skráð af Pálma Hannessyni, rektor bls. 323-334).
2. Steindór Steindórsson o.fl.: Landið þitt Ísland 3. bindi, Bókaútgáfan Örn og Örlygur, Reykjavík 1984
3. Steindór Steindórsson o.fl.: Landið þitt Ísland 4. bindi, Bókaútgáfan Örn og Örlygur, Reykjavík 1984
4. Steindór Steindórsson o.fl.: Landið þitt Ísland 5. bindi U-Ö, Bókaútgáfan Örn og Örlygur, Reykjavík 1984, bls. 206 og áfram.
5. Öldin okkar 1861-1900.
6. Atlaskort, Landmælingar Íslands. mælikvarði: 1:100.000 (fyrst gerð af dönskum landmælingamönnum frá 1900-1940 og svo uppfærð 1989).
7. Íslandskort, Mið-Ísland. 1999. mælikvarði 1:250.000